

Mánudaginn 22. marz 1965.

Nr. 30/1964. **Skipauðgerð ríkisins**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík og gagnsök

(Björn Hermannsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Samkvæmt siglingalögum og lögum um tollheimtu nautkrafa ríkissjóðs um greiðslu aðflutningsgjalda af uppboðsandvirði innfluttrar vöru forgangsréttar gegnt kröfu farmflytjanda um flutningsgjald o. fl. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmdur forgangsréttur til uppboðsandvirðis eldavéla, sem seldar voru á uppboði 28. marz 1962, fyrir kr. 62.834.00 ásamt 8% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 28. marz 1962 til greiðsludags og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. marz 1965, áfrýjað málinu með stefnu sama dag. Gerir hann þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að allt uppboðsandvirði eldavéla þeirra, sem í málinu greinir, kr. 202.912.50, að frádregnum uppboðskostnaði, kr. 144.44, þ. e. kr. 202.768.08, gangi til lúkn-ingar aðflutningsgjöldum af eldavélunum, kr. 254.023.00, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Varakrafa: Að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 12. marz 1965, þá er Dómsmálaráðuneytið veitti leyfi til gagnáfrýjunar máls þessa, voru meira en þrír mánuðir liðnir frá uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar. Brast

ráðuneytið því lagaheimild til að veita áfrýjunarleyfið, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Verður því sjálfkrafa að vísa aðalkröfu gagnáfrýjanda frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi krafðist sem farmflytjandi og vörzluhafi samkvæmt 160. gr. laga nr. 56/1914 uppboðs á eldavélum þeim, sem í máli þessu greinir. Ákvæði 160., 235. og 244. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 28. gr. og 29. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit þykir eiga að skýra þannig, að krafa ríkissjóðs um aðflutningsgjöld njóti á eftir kostnaði af uppboðinu sjálfu forgangsréttar til uppboðsandvirðis á uppboði sem því, er að framan greinir, enda leiða lagarök eigi til þess, að haldsréttur sá, sem farmflytjandi og vörzluhafi slíkra vara hefur í þeim gegnt eiganda þeirra eða tilkallsaðilja, geti hagggað rétti ríkissjóðs samkvæmt framanskráðum lögum. Samkvæmt því, er nú var sagt, ber að staðfesta úrskurð uppboðshaldara, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað réttilega.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnsök máls þessa er vísað frá Hæstarétti.

Hinum áfrýjaða úrskurði á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 1964.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 20. janúar s.l., hefur sóknaraðili, Skipaútgerð ríkisins, krafizt þess, að honum verði úrskurðaður forgangsréttur til uppboðsandvirðis eldavéla, er seldar voru á uppboði 28. marz 1962, fyrir kr. 62.834.06 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. marz 1962 til greiðsludags svo og málskostnaður að mati réttarins.

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, gerir hins vegar þær réttarkröfur, að allt uppboðsandvirði eldavéla, sem seldar voru á uppboði 28. marz 1962, gangi með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði til lúkningar aðflutningsgjöldum af vélunum,

kr. 254.023.00, með 8% ársvöxtum frá 28. marz 1962 til greiðsludags svo og málskostnaði eftir mati réttarins og að upphæðir þessar verði að öllu leyti greiddar á undan kröfum sóknaraðilja.

Með bréfi, dags. 1. marz 1962, óskaði sóknaraðili, Skipaútgerð ríkisins, opinbers uppboðs á ofangreindum eldavélum til lúkn-ingar kröfum, að fjárhæð kr. 59.049.37. Kröfur þessar sundur-liðaði hann þannig:

Flutningsgjald, uppskipunar- og hafnargjöld fyrir	
122 cl. rafmagnseldavélar	kr. 19.531.10
Vextir í 510 daga (10% p.a.)	— 2.766.91
Geymslugjald fyrir þann hluta sendingarinnar	
(62 cl., samt. 922 tenf.), sem geymdur er í vöru-	
skemmu Skipaútgerðar ríkisins, frá 1/10 1960	
til 1/3 1962	— 18.359.91
Geymslugjald fyrir þann hluta sendingarinnar	
(60 cl., samt. 900 tenf.), sem geymdur er í húsi	
Ungmennafélags Íslands við Holtaveg frá 1/10	
'60 til 1/3 '62	— 17.892.00
Umsjón með geymslunni við Holtaveg	— 500.00
	<hr/>
	Samtals kr. 59.049.37

Undir rekstri málsins breytti sóknaraðili kröfum sínum til hækkunar í kr. 62.824.06. Kemur sundurliðun þeirra eftir breyt-inguna fram í rskj. 8 og 9 og er þannig:

Flutningsgjald fyrir 122 cl. rafmagnseldavélar,	
sem fluttar voru með m/s Heklu frá Bergen	
til Reykjavíkur í september 1960. Farmbréf nr.	
17. Komudagur til Reykjavíkur 14/9 1960, 1822	
rúmfet á 3/3 shillings á kr. 3.173.00 ..	18.788.90
Uppskipun á 1.35 hvert rúmfet	2.459.70
Hafnargjöld	148.50
	<hr/>
	kr. 21.397.10
Vextir í 554 daga (10% p.a.)	— 3.005.88
Geymslugjald fyrir þann hluta sendingar-	
innar (62 cl., samt. 922 tenf.), sem	
geymdur var í vöruskemmu Skipa-	
útgerðar ríkisins frá 1/10 1960 til 28/3	
1962 incl., samkvæmt gjaldskrá kr. 0.28	
hvert tenf. per viku (fyrstu tvær vik-	
urnar þó aðeins ½ þessi taxti)	— 19.362.00

Geymslugjald fyrir þann hluta sendingarinnar (60 cl., samt. 900 tenf.), sem geymdur var í húsi Ungmennafélags Reykjavíkur við Holtaveg frá 22/10 '60 til 1/3 '62, skv. ofangr. taxa ÷ fyrir sérstaka umhirðu, 17.388.00
af því að húsið var með grunnleka .. 500.00 — 16.888.00

Umhirðugjald til Sigríðar Ingimundard. — 500.00

Geymslugjald fyrir þær vélar, sem voru í Ungmennafélagshúsinu þann tíma, sem þær voru í vörugeymslu Skipa-útgerðarinnar, eða frá 1/10 til 22/10 '60 og frá 1/3 til 28/3 '62 — 1.536.64

Samtals kr. 62.689.62

Kaupgreiðslur til tveggja manna vegna aðstoðar við nauðungaruppboð á 122 cl. eldavélum hinn 28/3 1962, frá kl. 1300 til kl. 1600. Samtals 6 klst. á 22.74 .. — 136.44
Orlof 6% — 8.00

Samtals kr. 144.44

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, beiddist opinbers uppboðs á nefndum eldavélum með bréfi, dags. 19. marz 1962, til lúkningar aðflutningsgjöldum auk alls kostnaðar við uppboð samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 68/1956.

Kröfu sína sundurliðaði hann þannig í upphafi:

Vörumagnstollur kr. 577.00
Verðtollur — 40.157.00
Rafmagnseftirlitsgjald — 1.920.00
Tollstöðva- og byggingasjóðsgjald — 853.00
Innflutningssöluskattur — 53.052.00
Innflutningsgjald — 141.471.00
Viðskiptasöluskattur — 17.058.00

Samtals kr. 255.088.00

Við endurupptöku málsins 20. janúar s.l. breytti hann þessari

kröfu sinni til lækkunar í kr. 254.023.00, og sundurliðast hún að orðinni þessari breytingu á þann veg:

Vörumagnstollur	kr.	577.00
Verðtollur	—	39.947.00
Rafmagnseftirlitssgjald	—	2.081.00
Tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald	—	831.00
Innflutningssöluskattur	—	52.803.00
Innflutningsgjald	—	140.807.00
Viðskiptasöluskattur	—	16.977.00

Samtals kr. 254.023.00

Samkvæmt framangreindum sölubeiðnum var auglýst uppboð í öllum dagblöðum bæjarins og haldið, eins og fram kemur hér að framan, 28. marz 1962.

Á uppboðinu kom fram ágreiningur um skiptingu uppboðsandræðis vélanna, og fengu aðilar frest um óákveðinn tíma til að tjá sig um hann í greinargerðum.

Málið var næst tekið fyrir 5. júní s.l., og loks eftir endurupptöku þess endanlega tekið til úrskurðar 20. þ. m., eins og áður segir:

Umræddar eldavélar, eitt hundrað að tölu, voru eign skuldafrágöngudánarbús Stefáns Runólfssonar. Þær voru keyptar í Noregi hjá Gerpa og Mjelva Fabrikker fyrir norskar kr. 42.500.00 (fob-verð) og virðast hafa verið greiddar fyrir milligöngu Den Norske Creditbank í Osló. Þær voru fluttar hingað til lands frá Bergen með m/s Heklu, sem kom til Reykjavíkur 14. september 1960.

Þannig var um vélarinnar búið, að öll sendingin var í 122 kössum. Í 100 kössum voru vélarinnar sjálfar, í 20 kössum bakstykki þeirra og í 2 ýmsir aðrir fylgihlutir.

Fljótlega eftir að vélarinnar komu til landsins, varð að samkomulagi milli sóknaraðilja og Stefáns Runólfssonar, að 60 kassar, sem innihéldu vélar og bakstykki, væru fluttir úr vörugeymslu sóknaraðilja í húsnæði í húsi Ungmennafélags Reykjavíkur við Holtaveg, hér í borg. Segir sóknaraðili, að þetta hafi verið gert fyrir beiðni Stefáns, sem hafi látið í ljós ótta um skemmdir á vélunum í vörugeymslum sóknaraðilja. Ef til vill hafi hann líka gert sér vonir um minni geymslukostnað í Ungmennafélagshúsinu vegna tengsla sinna við það félag.

Sóknaraðili virðist samkvæmt þessu hafa flutt umrædda 60

kassa í Ungmennafélagshúsið 1. október 1960. Fékk hann í hendur lykla að geymsluhúsnæði þessu, en auk hans hafði Sigriður Ingimundardóttir, gæzlukona hússins, lykla að því. Hinn 1. marz 1962 flytur sóknaraðili vörur þessar burt úr umræddri geymslu í sínar eigin vörugeymslur, enda var þá talið, að þær lægju undir skemmdum, sökum þess að vatn hafði gengið inn í húsnæðið. Sóknaraðili greiddi þrotabúi Ungmennfélags Reykjavíkur 27. ágúst 1962 kr. 16.888.00 í leigu fyrir ofangreint geymsluhúsnæði, en það er sama fjárhæð og hann krefst að fá greidda af uppboðsandvirði vélanna fyrir geymslu þess hluta þeirra, sem var í Ungmennafélagshúsinu.

Heildarsöluverð hinna seldu eldavéla á uppboðinu var kr. 228.300.00 og nettóandvirði þeirra kr. 202.912.50, að frádregnum uppboðskostnaði, sem fram var kominn, þegar uppgjör (sbr. rskj. 12) fór fram.

Kröfur sínar í máli þessu byggir sóknaraðili á því, að hann eigi samkvæmt siglingalögum nr. 56/1914, sbr. einkum 159. og 160. gr. þeirra, svo og almennum reglum og lagarökum forgangsrétt til greiðslu krafna sinna af uppboðsandvirðinu. Hann hafi haft haldsrétt í vélunum og selt þær án mótmæla sem haldsréttarhafi og samkvæmt þeim reglum, sem um haldsrétt gilda. Hann telur það vera meginreglu, að haldsréttarkröfur gangi fyrir öllum öðrum kröfum og gildi þetta einnig gagnvart lögveðskröfum vegna aðflutningsgjalds. Líta verði svo á, að hann hafi auk lögveðréttar vegna flutnings á vélunum haldsrétt í þeim. Hann bendir sérstaklega á 162. gr. siglingalaga, er skilja beri þannig, að farmgjald gangi fyrir aðflutningsgjöldum. Auk þessa leiði það til sömu niðurstöðu, að farmgjaldið falli á farminn þegar við móttöku hans í skip, en aðflutningsgjöldin ekki fyrr en hann kemur hingað til lands. Kröfu sína vegna geymslu varanna telur hann vera óumdeilanlega haldsréttarkröfu og bendir á því til stuðnings, að geymsla þeirra sé m. a. gerð fyrir varnaraðilja, þar sem hann myndi ella hafa orðið að geyma þær sjálfur og þá væntanlega komið til sami geymslukostnaður.

Hann mótmælir því, að haldsréttur sinn fyrir geymslukostnaði þess hluta umræddrar vöru, er geymdur var í húsi Ungmennafélags Reykjavíkur, hafi fallið niður. Hann hafi haft full umráð yfir vörunni allan tímann, sem hún var þar, enda tekið hana þaðan og flutt í eigin geymslu, þegar honum sýndist.

Þá mótmælir hann því, að aðflutningsgjöld af umræddum

eldavélum verði við annað verð miðuð en uppboðsandvirði vörunnar.

Varnaraðili byggir kröfur sínar fyrst og fremst á lögum nr. 68/1956 um tollheimtu- og tolleftirlit. Hann vísar til ýmissa ákvæða þeirra laga, svo sem 27., 28., 29. og 33. gr., sem hann telur sýna ótvíræðan forgangsrétt aðflutningjalda fyrir öðrum kröfum. Enn fremur kveður hann þetta leiða af venjuhelgaðri framkvæmd, enda sé það alþjóðaregla, að tollar séu látnir ganga fyrir farmgjöldum. Í greinargerð mótmælti hann kröfu sóknaraðilja á þeim grundvelli, að farmskírteini lægi ekki fyrir, en féll frá þeirri málsástæðu í munnlegum flutningi málsins.

Að því er varðar geymslu- og umhirðukostnaðinn, mótmælti hann því, að honum fylgdi haldsréttur í margnefndum vélum, og auk þess á þeim grundvelli, að kostnaður væri tvítalinn.

Loks mótmælti hann vöxtum (10%) af farmgjaldskröfu sóknaraðilja sem of háum.

Eins og að framan er rakið, telur sóknaraðili sig eiga forgangsrétt til uppboðsandvirðis margnefndra eldavéla, m. a. til lúkningar flutningskostnaði, uppskipunarkostnaði og hafnargjöldum, samtals að fjárhæð kr. 21.397.10, auk 10% vaxta af þeirri fjárhæð í 554 daga, kr. 3005.88, eða að því er virðist fyrir tímabilið frá 14. september 1960 til 28. marz 1962.

Í 11. kafla, 235. gr., laga nr. 56/1914 segir: „Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrétt fyrir eftir þessum kapitula (sjókröfur), eiga forgangsrétt í veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum.“

Þetta ákvæði verður varla skilið á annan hátt en þann, að aðflutningsgjöldum til ríkissjóðs sé veittur forgangsréttur fyrir öllum þeim kröfum, sem greinir í 244. gr. sömu laga, þ. á m. farmgjaldi, uppskipunarkostnaði og hafnargjöldum. Þykir því verða að líta svo á, að þessi hluti kröfu sóknaraðilja víki fyrir kröfu varnaraðilja, og sætir vaxtakrafa hans, að því er þenna lið varðar, að sjálfsögðu sömu örlögum.

Eins og rakið er hér að framan, voru margnefndar eldavélar í geymslu hjá sóknaraðilja sumpart í eigin geymslum og sumpart í geymslu í húsi Ungmennafélags Reykjavíkur, sem hann virðist hafa haft full umráð yfir og greiddi síðar leigu fyrir, sbr. rskj. nr. 13. Geymsla þessi var óslitin, allt frá því að vélarnar komu til landsins og þar til uppboðið fór fram.

Með vísan til þessara atvika, sýnast ekki vera efni til þess

að líta öðrum augum á geymslu þeirra 60 kassa, sem ekki voru allt tímabilið í eigin geymslum sóknaraðilja, en hinna.

Rétturinn lítur svo á, að ofangreind varðveizla eldavélanna hafi verið nauðsynleg og væntanlega til hagsbóta fyrir alla, sem hagsmuna áttu að gæta. Virðast því þær aðstæður hafa verið fyrir hendi, að löglegur haldsréttur gæti skipazt.

Þóknun til Sigríðar Ingimundardóttur er samkvæmt rskj. nr. 8 innifalin í geymslugjaldinu fyrir þann tíma, sem umrædd vara var í Ungmennafélagshúsinu. Hvorki þessi þóknun né geymslugjaldið sjálft virðist tvítalið, og hafa mótmæli varnaraðilja um það efni því ekki við rök að styðjast.

Sóknaraðili hefur mótmælt því, að aðflutningsgjöld séu í útreikningi miðuð við annað verð en uppboðsandvirði eldavélanna.

Mótmælum þessum verður að hafna, þar sem þau virðast ekki hafa við lög að styðjast.

Hann hefur hins vegar ekki, síðan varnaraðili breytti kröfum sínum í það horf, sem fram kemur í rskj. nr. 30, mótmælt því, að þær séu réttilega reiknaðar, og verður fjárhæð þeirra því lögð til grundvallar í úrlausn málsins. Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að af uppboðsandvirði margnefndra eldavéla, kr. 202.912.50, skal fyrst greiða kr. 144.44, sem er kaup tveggja starfsmanna sóknaraðilja, er unnu við uppboð. Kröfu þessari er ómótmælt, enda er um eðlilegan uppboðskostnað að ræða. Síðan ber að greiða geymslukostnað sóknaraðilja, kr. 38.786.64, ásamt 8% ársvöxtum frá 28. marz 1962 til greiðsludags, og loks skulu eftirstöðvarnar ganga til lúknunar kröfu varnaraðilja, eftir því sem til hrekkur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þórhallur Pálsson borgarfégeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Af uppboðsandvirði ofangreindra eldavéla, kr. 202.912.50, skal fyrst greiða sóknaraðilja uppboðskostnað, kr. 144.44, og geymslukostnað, kr. 38.786.64, ásamt 8% ársvöxtum frá 28. marz 1962 til greiðsludags.

Eftirstöðvar uppboðsandvirðis greiðist varnaraðilja upp í aðflutningsgjöld.

Málskostnaður fellur niður.